

Í tilefni afsagnar Marinós G. Njálssonar úr stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna vegna fyrirhugaðrar umfjöllunar Fréttatímans um skuldastöðu fjölskyldu hans.

Marinó G. Njálsson hefur verið beittur málsvari félagsmanna í Hagsmunasamtökum heimilanna sem og annarra skuldsettra heimila.

Yfirlýstur tilgangur samtakanna er að vera frjáls og óháð hagsmunasamtök á neytendasviði, til varnar og hagsbóta fyrir heimilin í landinu. Helstu skammtímamarkmið samtakanna eru að taka á brýnum fjárhagsvanda heimilanna í landinu, vegna þess ástands sem skapast hefur í efnahagsmálum og forða heimilum frá ósanngjarnri eignaupptöku, óbærilegum skuldaklyfjum og upplausn.

Samkvæmt lífshagfræðingum Hagstofu Íslands áttu næstum helmingur heimila erfitt með að ná endum saman á árinu og 36% heimila gátu ekki mætt óvæntum útgjöldum að upphæð 140 þúsund krónum eftir hefðbundnum leiðum. (1) Um þriðjungur heimila á Íslandi er án húsnæðisskulda. (2)

Eðlilegt er að baráttumenn fyrir hagsmunum hafi hagsmuna að gæta á því sviði. Eins má gera ráð fyrir að stjórnarmenn Öryrkjabandalagsins séu öryrkjar, stjórnarmenn í launþegahreyfingu launþegar og stjórnarmenn í Bláðamannafélaginu fjölmiðlamenn. Því ætti ekki að koma neinum á óvart að stjórnarmenn Hagsmunasamtakanna skuldi, líkt og 2/3 heimila landsins.

Sérstök fréttaumfjöllun um skuldastöðu einstakra stjórnarmanna hlýtur að vekja upp spurningar um hvort verið sé að fara í manninn, en ekki málefnið.

Skuld er ekki skömm og má ekki vera skömm. Því miður hefur alltof oft heyrst í umræðunni að skuldarar séu óráðsímenn og séu fyrst og fremst að reyna að hygla sjálfum sér í baráttu sinni. Slíkur málflutningur er að okkar mati ómálefnalegur og dæmir sig sjálfur.

Við hvetjum Marinó til að endurskoða ákvörðun sína um að segja sig úr stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna og fjölmiðla til að íhuga hver sé tilgangur umfjöllunnar um persónulega hagi talsmanna hagsmunasamtaka hverju sinni.

Reykjavík 19. nóvember 2010.

Eygló Harðardóttir      Lilja Mósesdóttir      Margrét Tryggvadóttir

(1)://hagstofa.is/Pages/95?NewsID=5252

(2) <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/4467>